

49
27. júní

LÖG

um

breyting á lögum nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fyrsta málsg. 8. gr. falli burt eins og hún er nú orðuð. Í stað hennar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Próf það, er um getur í 7. gr., skal halda í Reykjavík, Vestmannaeyjum, Seyðisfirði, Akureyri og Ísafirði.

Orðið „bæjarstjórnar“ í enda 2. málsg. falli burt. Í stað þess komi Fiskifjelags Íslands.

Á eftir 3. málsg. komi ný málsgrein, er svo hljóði:

Prófverkefni skulu samin af forstöðumanni stýrimannaskólans í Reykjavík.

2. gr.

Í stað orðanna „30 rúmlesta“ í upphafi 18. gr. komi: 20 rúmlesta.

Við greinina bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Í veiðistöðvum, þar sem bátar koma að jafnaði daglega úr róðri, skal þó eigi skylt að hafa stýrimann auk skipstjóra á þeim bátum, er þannig stunda veiðar, þótt um báta alt að 30 rúmlestir sje að ræða.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.